

Ferðasaga AGM 2015, Akureyri - Lilja Guðrún.

Loksins var komið að því að hitta allar stelpurnar sem ég hitti í Vilnius síðasta haust. Þá var ég svo „heppin“ að fá að ferðast í stað Ester landsforseta, sitja alla fundina og fara á alla viðburðina ásamt því að halda upp á fertugs afmælið í opunarhátíðinni þar. Þá var ég „fullur“ þátttakandi... nú hinsvegar, ætlaði ég mér að horfa á og fylgjast með, halla mér aftur og njóta.

Þriðjudagurinn 17. ágúst rann upp og eftir vinnu skaust ég á BSÍ að sækja vinkonu mína frá Lúxemborg, hana Vassilissa Lyobouvin. (Einmitt, segðu það hratt þrisvar) Hana tók ég með heim, henti rest í töskur og lögðum við Jóhannes (Jói) af stað með hana í aftursætinu um 7 leytið. Stoppað var í Staðarskála á leiðinni norður eins og oft áður og snæddum við þar hamborgara með bestu lyst þar sem svengdin var farin að segja til sín. Við Vassí spjölluðum nánast ALLA leiðina þar sem ár var síðan við hittumst síðast eða haustið 2014. Loks var komið á áfangastað vel eftir miðnættið og skildum við hana eftir á hótél KEA og rúlluðum heim til Sólvéigar í LC7, en þar höfðum við fengið herbergi til afnota á meðan á ráðstefnunni stóð. Sólvéig tók á móti okkur glaðvakandi og



sýndi okkur herbergið sem reyndist vera meyjarskemma unglingsins og aldeilis fínt. Eftir gott spjall við húsráðanda, var loks tekið til náða um miðja nótt.

Miðvikudagurinn var svo kósý dagur þar sem við Jói sváfum út, fengum okkur morgunmat í bakaríinu, fórum í göngutúr og svo í sund þar sem við lágum í sólinni sem lét sjá sig þennan dag og nutum þess að slaka á. Um kvöldið var setið og spjallað við húsbóndann þar til ég fór niður í íþróttahús að hjálpa til við uppsetningu salarins

þar sem setningarhátíðin átti að fara þar fram kvöldið eftir. Vorum við að setja upp tjöld og fleira fram yfir miðnætti en þá skelltum við okkur heim í partýgallann og niður í bæ á Pósthúsbarinn þar sem margir höfðu safnast saman eftir Councillours Dinner sem var fyrr það kvöld. Gaman var að hitta margar konurnar frá árinu áður og spjalla og setja sig í startholurnar fyrir hátíðina.

Fimmtudagurinn gekk í garð og seinnipartinn var loksins komið að opunarhátíðinni þar sem ég klæddist upphlutsbol og húfu í stíl sem flestar íslensku konurnar klæddust ásamt íslenskri lopapeysu. Mikil hamingja var í hópnum og gaman að fylgjast með íslensku stelpunum sem voru margar hverjar að upplifa þetta í fyrsta sinn. Sé fyrir mér að ég hafi verið svona í fyrra. ☺ Í íþróttahöllinni við hlið sundlaugarinnar var setning ráðstefnunnar og var gaman að sjá fjöldann. Þar voru ræðuhöldin og var yndislegt að horfa á Frú Vigdísí Finnbogadóttur flytja ræðu um hinn stóra dag kvennréttinda- baráttunnar árið 1975. Þegar ræðuhöldunum lauk var farið í skruðgönguna þar sem allar konur klæðast ýmist þjóðlegu eða öðrum fatnaði sem sýnir hvaðan þú kemur. Gengið var að kirkjunni og niður kirkjutröppurnar, þá göngugötuna og loks niður í Hof. Þar var snarl og skemmtun og heilmikið fjör fram eftir kvöldi.

Föstudagurinn hófst með aðalfundinum og var hann haldinn í aðalsalnum í Hofi. Hann var góður og gaman að sjá hvað Ladies Circle er að gera gott um allan heim. Kosið var m.a. um nýtt alheimsverkefni til að styrkja í alþjóðastarfi LC og varð „Little Big Help“ fyrir valinu sem var stutt af klúbbsi 54 í Árósum, Danmörku.





Um kvöldið fékk ég svo það skemmtilega verkefni að vera „andamma“ og sá til þess að konurnar kæmu sér í rútuna og í rétt heimapartí. Voru sumar konur þínu feimnar og fannst erfitt að vera sú eina úr sínu heimalandi en það breyttist fljótt þegar í húsið var komið því ein þeirra dró fram kjánaprik eða „selfie stöng“ og þurftu margar að prufa prikið. Fljótt voru konur farnar að blaðra einhver ósköp og í raun varð tíminn svo fljótur að líða að allt í einu var rútan komin að sækja okkur. Í rútunni var

eitt heimapartýið þegar komið og sátu þær aftast og sungu hástöfum. Var því heljarinnar fjör á leiðinni til baka, en haldið var á Pósthúsbarinn þar sem dansað var og djammað fram eftir nóttu.

Laugardagurinn var fallegur og skelltum við Jói okkur í bíltúr til Grenivíkur, nutum veðurbliðunnar og héldum svo róleg heim á leið til að undirbúa okkur undir aðalskemmtunina eða galakvöldið. Ég fór í hárgreiðslu og í mitt fínasta þúss og var svo heppin að fá að vera viðhengi með Sólveigu í undanpartýi hjá LC1. Þá var haldið á galaskemmtunina sem var auðvitað alveg frábær. Salurinn var fallega skreyttur og virtist hugsað fyrir öllum smáatriðum. Maturinn var mjög góður og voru skemmtiatriði hinna og þessara LC kvenna á meðan að honum stóð. Þau reyndust hver öðru skemmtilegri en uppúr stóðu dönsku stelpurnar með sinn einstaka danska húmor fyrir Gitte, sem var að hætta í alheimsstjórn, og Gry, sem kosin var varaalheimsforseti daginn áður. Seinni hluta kvölds var skipt í dansskóna og dansað fyrir allan peninginn, en Friðrik Ómar söng fyrst fyrir dansi og kom fólkinu í gírinn með Eurovision lögum, áður en plötuþeytirinn mætti á svæðið til að gera allt vitlaust. Var svo gaman að fullt hús reyndist vera nánast fram að lokun en þá höfðu ekki allir fengið nóg og fóru margir niður í bæ að dansa meira. Fengum við þá boð í heimapartý til Gyðu, fyrrverandi landsforseta LC. Mættum við þar ásamt mörgum öðrum og var þar heljarinnar stuð fram eftir nóttu bókstaflega, því ég var að skríða upp í rúm um hálf átta morguninn eftir. Laaaaaangt síðan það gerðist síðast.



Sunnudagurinn var því þreyttur... klukkan rúmlega 13 var haldið af stað heim á leið og aftur var Vassilissa með í för. Vorum við komin í bæinn uppúr kl.18. Sunnudagskvöldið var farið í miðbæ Reykjavíkur á Kaffibarinn. En þar hittum við Vassí hana Soja sem var landsforseti Finnlands og spjölluðum við heilmikið saman þar til ég keyrði Soja upp á hótél og Vassilissa upp á Keflavíkurflugvöll, en hún átti pantað flug um hálf tvö um nóttina.

Þetta er viðburður sem ég er búin að bíða eftir síðastliðið ár og stóð þetta heldur betur eftir væntingum. Ég vil óska Akureyrarskvísum og öllum þeim sem að komu skipulags þessar stórskemmtilegu ráðstefnu til hamingju. Þið stóðuð ykkur frábærlega.

Kveðja, Lilja Guðrún Jóhannesdóttir, LC8.



Við Vassilissa fyrir galakvöldið